



# Fjármögnunar- umhverfi sprotafyrirtækja



Úttekt og tillögur til úrbóta

---

Október, 2016

# Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður KPMG vegna úttektar og tillöguggerðar í tengslum við fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi. Verkefnið er unnið fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á tímabilinu júní til október 2016.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar kunna að verða á grundvelli samantektarinnar.

Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli verkefnisins eða niðurstaðna sem hér birtast, er hjá verkkaupa eða öðrum aðilum er að málínun kunna að koma.

Tengiliðir KPMG:

**Stefán Þór Helgason**

Sérfræðingur á ráðgjafarsviði

[shelgason@kpmg.is](mailto:shelgason@kpmg.is)

**Sævar Kristinsson**

Verkefnastjóri á ráðgjafarsviði

[skristinsson@kpmg.is](mailto:skristinsson@kpmg.is)

**Benedikt K. Magnússon**

Sviðsstjóri ráðgjafarsviðs

[bmagnusson@kpmg.is](mailto:bmagnusson@kpmg.is)

# Aðdragandi

## Frumkvæði og framfarir

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði í lok árs 2015 fram aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja. “Áætlunin er liður í að skapa á Íslandi samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf. Með því verður stuðlað að nauðsynlegri þróun og endurnýjun í íslensku atvinnulífi.” eins og segir í inngangi aðgerðaáætlunarinnar.

Markmið áætlunarinnar eru fjölbætt og felast m.a. í því að einfalda regluverk, efla alþjóðlegt samstarf, stuðla að öflugra frumkvöðla- og nýsköpunarsamfélagi á Íslandi og að bæta aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni.

Sú stefna sem lagt var upp með er að á Íslandi verði alþjóðlega samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf.

Atvinnuvegaráðuneytið fór þess á leit við KPMG í byrjun sumars 2016 að leggja fram tillögur um úrbætur á fjármögnunarumhverfi íslenskra sprotafyrirtækja og kanna umgjörð og tækifæri hópfjármögnunar í samræmi við lið 1.2 og 1.3 í aðgerðaáætluninni.

# Inngangur

Hlutverk ríkisins í því að skapa öflugt fjármögnunarumhverfi er pólitískt álitaefni. Þó virðist samstaða ríkja um að ríkið hafi ákveðið hlutverk, ekki síst við að koma hlutunum af stað.

Þetta kemur m.a. skýrt fram í bókinni „[\*The Entrepreneurial State\*](#)“ eftir prof. Mriana Mazzucato við Sussex háskóla á Englandi: „Árangur Apple hefði verið ómögulegur án þáttöku hins opinbera sem í dag sinnir vanþökkuðu hlutverki í tæknibytingunni“. Notar hún sem dæmi að GPS, internetið og raddstýring séu tilkomin úr opinberu rannsóknastarfi og fjármögnun verkefna í Kísildalnum hafi upphaflega að miklu leyti komið úr opinberum sjóðum.

Í annarri bók „[\*Boulevard of Broken Dreams – Why public efforts to boost entrepreneurship and venture capital have failed – and what to do about it\*](#)“ eftir prof. Josh Lerner við Harvard háskóla koma fram nokkrir punktar fyrir ríkisstjórnir til að hafa í huga:

- Nýttu vísindasamfélagið á skynsamlegan hátt
- Það að taka upp regluverk erlendis frá getur hjálpað við að laða að erlenda fjárfesta
- Leyfðu markaðnum að vera leiðarljós þegar styrkir og stuðningur er annars vegar
- Ekki ofhugsa opinberan stuðning við frumkvöðla
- Mundu að það tekur langan tíma fyrir stuðninginn að virka
- Forðastu verkefni sem eru of lítil til að hafa raunveruleg áhrif
- Það er sterkt þörf fyrir tengsl við erlenda fjárfesta.

„Ríkisstjórnir þurfa að stunda þá jafnvægislist að blanda saman þörfinni fyrir þeirra stuðningshlutverk en gera sér um leið grein fyrir þeim takmörkunum sem eru á möguleikum þeirra á að örva nýsköpunargeirann.“

# Samantekt - Tillögur að breytingum

- Lagt er til að stofnaður verði vettvangur með bréf í óskráðum félögum. Vettvanguinn verði settur á stofn í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Nasdaq OMX Ísland eða aðra til þess bæra aðila. Reynt verði eftir fremsta megni að koma í veg fyrir misnotkun með hæfilega íþyngjandi regluverki og fyrivörum gagnvart báttakendum á vettvanginum. Ef vel tekst til ætti vettvanguinn að auka upplýsingaflæði og stuðla að auknum viðskiptum með bréf í sprotafyrirtækjum.
- Lagt er til að ríkið styðji við hópfjármögnun (e. equity crowd funding) og þannig verði markaðurinn í meira mæli látinn ráða því hvaða fyrirtæki fái fjármagn frá hinu opinbera. Tvær útfærslur koma hér til greina, annars vegar í gegnum skattafrádrátt og hins vegar með beinum framlögum ríkisins. Regluverk þarf að styðja við þessar breytingar, m.a. rýmkun á þeim skattafrádrætti sem tilgreindur er í lögum nr. 79/2016.
- Lagt er til að ráðist verði í kynningarátaskar sem kostir og gallar þess að fjárfesta í sprotafyrirtækjum eru kynntir fyrir almenningu. Átakið mun styðja við aðrar tillögur sem hér eru lagðar fram sem og önnur verkefni sem þegar eru í gangi.
- Lagt er til að stofnað verði félag englafjárfesta á Íslandi með það að markmiði að styðja við fjárfestingar hér á landi og hvetja til samstarfs við erlenda aðila í alþjóðlegum samtökum englafjárfesta. Er það einnig gert til að laða að erlenda englafjárfesta sem fjárfest gætu einir eða með öðrum fjárfestum hér á landi. Mikilvægt er að samtökin verði stofnuð og þegar það hefur verið gert getur ríkið skoðað að leggja fé til móts við viðurkennda englafjárfesta til að styðja við frekari fjárfestingar á því sviði.
- Lagt er til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hætti beinum fjárfestingum í sprotafyrirtækjum og leggi þess í stað fjármagn í önnur verkefni og sjóði sem það gera. Þannig má byggja upp sérþekkingu innan sjóðsins og beina fjármunum hins opinbera í fjölbreyttari verkefni.
- Þá eru einnig kynnt fleiri smærri verkefni sem geta orðið til bóta fyrir fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja.



# Staðan í dag

# Staðan í dag

## Almennt

Staðan á fyrstu stigum fjármögnunar er nokkuð góð. Tæknipróunarsjóður, Atvinnumál kvenna og Átak til atvinnusköpunar eru dæmi um opinber framtök sem hafa stutt við hundruð frumkvöðla og sprota sem eru að hefja rekstur. Viðskiptahraðlar fjárfesta í u.b.b. 17 verkefnum á ári og styrktarsjóðir einkaaðila styðja við bakið á fjölda sprota ár hvert.

Nokkrir stórir fjárfestingasjóðir starfa hér á landi og fjárfesta aðallega í fyrirtækjum sem komin eru af fyrstu stigum, farin að skila tekjum og hafa sýnt fram á markað fyrir viðkomandi vörur eða þjónustu.

Stærsta gatið þegar kemur að fjármögnunarkostum er þegar sprotastigi lýkur en áður en tekjur eru farnar að koma inn í reksturinn í miklum mæli. Þær er samkeppni lítil og viðbrögð fjárfesta gjarnan þau að fyrirtækin purfi að vera komin lengra til að hægt sé að leggja þeim til fé.

Þær tillögur sem fram koma í þessari skýrslu miða því að því að fjölgum valkostum sprotafyrirtækja á öllum stigum en þó með áherslu á að fylla upp í áðurnefnt gat á markaðnum.

# Staðan í dag

## Fjármögnunarumhverfi sprotafyrirtækja

Fjármögnunarumhverfi sprota á Íslandi má gróflega skipta í 4-5 stig. Á fyrsta stiginu, sprotastiginu, nýta frumkvöðlar það fjármagn sem þeir eiga sjálfir og leita jafnvel til vina og fjölskyldumeðlima. Þegar hugmynd verður að fyrirtæki og þróunarstarf hefst, þá krefst verkefnið aukins fjár.

Í fyrsta lagi eru margvíslegir styrkir í boði, bæði smærri styrkir s.s. Átak til atvinnusköpunar, frumkvöðlasjóður Íslandsbanka og samfélagssjóður Landsbankans en einnig stærri styrkir eins og úr Tækniþróunarsjóði.

Tækniþróunarsjóður veitti samtals 7,1 milljarði í styrki á árunum 2004-2014 og hafa framlög ríkisins í sjóðinn u.p.b. tífaldast frá stofnun hans.

Í öðru lagi eru starfandi tveir viðskiptahraðlar sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum, Startup Reykjavík (SR) og Startup Energy Reykjavík (SER). Samtals eru að jafnaði 17 fyrirtæki valin til þátttöku í þeim á ári og er fjárfest í hverju þeirra fyrir 2,4 (SR) og 5 (SER) milljónir króna.

Í þriðja lagi eru starfandi nokkrir stærri fjárfestingasjóðir (e. venture capital funds), þeirra stærstir eru Eyrir sprotar, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA), Brunnur og Frumtak auk sjóðs á vegum Landsbréfa sem fjárfestir í verkefnum í ferðabjónustu. Því til viðbótar eru fjárfestingafélög á borð við Investa, SA framtak, Dvorzak o.fl. Fyrirkomulag sjóðanna er með mismunandi hætti, t.d. er NSA sígrænn sjóður þ.e. hann getur aðeins fjárfest fyrir hagnað af fyrrí fjárfestingum auk stofnframlags eftir atvikum að frádregnu tapi.

Fjármagn NSA er á þessum tímapunkti að miklu leyti bundið í núverandi fjárfestingum og því getur sjóðurinn ekki lagt í miklar fjárfestingar eins og sakir standa. Mikil ásókn er í fjármagn fjárfestingasjóða. [Á árinu 2014 fékk NSA 95 erindi um ný fjárfestingatækifæri en gat aðeins fjárfest í tveimur þeirra.](#)

# Staðan í dag

## Fjárfestingasjóðir

### Eyrir sprotar

Eyrir Sprotar er sprota- og vaxtarsjóður, rekinn af Eyri Invest í samstarfi við Arion banka en þessir aðilar eru jafnframt stærstu hluthafar sjóðsins auk lífeyrissjóða og fagfjárfesta. Sjóðurinn stefnir á að hafa fjögurra ára fjárfestingatímabil og túr ára starfstíma. Fjárfestingar sjóðsins hafa verið frá innan við 50 m.kr. króna upp í 625 m.kr.

- Framkvæmdastjóri: Örn Valdimarsson
- Formaður fjárfestingaráðs: Þórður Magnússon
- Núverandi fjárfestingar: eTactica (Remake Electric), Saga Medica, Sæbýli, Mure, Lífdísill, Cooori, InfoMentor, Handpoint, Activity Stream, Keynatura og RóRó.

### Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA)

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997. NSA er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk sjóðsins er m.a. að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Fjárfestingar sjóðsins í hverju sprotafyrirtæki hafa verið á bilinu 20-500 milljónir króna. Sjóðurinn hefur fjárfest fyrir tæpa 4 milljarða á síðustu 5 árum og hefur á sama tíma selt hluti í fyrirtækjum fyrir sömu upphæð.

- Framkvæmdastjóri: Helga Valfells
- Stjórnarformaður: Almar Guðmundsson
- Núverandi fjárfestingar: 3Z, Admittor, Akthelia, Andrea Maack, Atmo select, Azazo, BioCule, Cooori, Dohop, eTactica (Remake Electric), Genis, Greenqloud, InfoMentor, Invector, Kaptio, Men&Mice, mentis cura, mint solutions, Nordic photos, Oxymap, OZ, Sling, sólfar, Stiki, Valka.

# Staðan í dag

## Fjárfestingasjóðir frh.

### Brunnur vaxtarsjóður slhf.

Brunnur er rekinn af SA Framtak GP ehf. og Landsbréfum hf. Hluthafar í sjóðnum eru lífeyrissjóðir, Landsbréf, SA Framtak og nokkrir fjársterkir einstaklingar. Fjárfestingastjórar sjóðsins eru Sigurður Arnljótsson og Árni Blöndal frá SA Framtak og Helgi Júliusson frá Landsbréfum. Meðalfjárfesting sjóðsins verður á bilinu 100-500 milljónir.

- Fjárfestingastjórar SA Framtaks: Árni Blöndal og Sigurður Arnljótsson
- Núverandi fjárfestingar: ARK Technology og ATMO Select.


### Frumtak I og II

Frumtak II hóf starfsemi í febrúar 2015. Sjóðurinn hefur að markmiði að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útrásar. Frumtak II fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem lög leyfa og nauðsynlegt er vegna útrásar eða markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks II á erlenda markaði. Frumtak II leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útrás, en sérhæfir sig ekki í einstökum greinum. Hluthafar eru lífeyrissjóðir, Landsbankinn og Frumtak II GP ehf.

- Framkvæmdastjóri: Eggert Claessen
- Stjórnarformaður: Ásthildur Otharsdóttir
- Núverandi fjárfestingar: Data Dwell, Tulipop, AGR Dynamics, kaptio, Appollo X, Arctic Trucks, Cintamani, controlant, DataMarket, Handpoint, InfoMentor, MainManager, Meniga, TrackWell, Valka, Activity Stream.

# Staðan í dag

## Fjármögnunarumhverfið - skýringarmynd



Heimild: Arion banki / Einar Gunnar Guðmundsson



# Stuðningur á vegum ríkisins

# Staðan í dag - stuðningur á vegum ríkisins

## Tæknipróunarsjóður

Stuðlar að því að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins með því að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tæknipróunar og nýsköpunar. Sjóðurinn auglýsir umsóknarfresti um framlög og umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar. Styrkflokkar Tæknipróunarsjóðs eru sjö talsins, Fræ, Sproti, Vöxtur, Sprettur, Markaðsstyrkur, Hagnýt rannsóknarverkefni og Einkaleyfastyrkur. Þeir eru sniðnir að verkefnum á hverju stigi fyrir sig, allt frá þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref (Fræ) til vaxtarfyrirtækja (Vöxtur/Sprettur)

## Rannsóknasjóður

Úthlutanir úr Rannsóknasjóði fara að mestum hluta til að greiða laun og langstærstur hluti þeirra sem þiggja laun úr verkefnum sem styrkt eru af Rannsóknasjóði eru nemendur í doktors- eða meistaranámi.

## Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni.

## Innviðasjóður

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

## Átak til atvinnusköpunar

Átak til atvinnusköpunar er styrkáætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir nýsköpunarverkefni og markaðsaðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með umsóknarferlinu fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

# Staðan í dag - stuðningur á vegum ríkisins

## Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

(Sjá umfjöllun um fjárfestingasjóði)

### Sóknaráætlanir landshluta

Í tengslum við sóknaráætlanir landshluta eru veittir styrkir til nýsköpunar. Reglur, upphæðir og úthlutani eru mismunandi eftir landshlutum en umsjón er í höndum landshlutasamtaka í samræmi við samninga Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Mennta- og menningarmálaráðuneytis við hvert og eitt þeirra.

### AVS – rannsóknarsjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður veitir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs.

Skammstöfunin AVS er einmitt til kominn af orðunum "Aukið Verðmæti Sjávarfangs" Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis.

Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum.

### Byggðastofnun

Byggðastofnun veitir langtímalán til fjárfestinga, hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja á starfssvæði stofnunarinnar. Lánastarfsemi Byggðastofnunar er valkostur í fjármögnun sem stuðlar að hagstæðum lánskjörum og lánsframboði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í landsbyggðunum.

Byggðastofnun er heimilt á árinu 2016 að verja allt að 50 mkr. til þáttöku í hlutafjáraukningu í félögum sem hún er þegar hluthafi í til að styrkja fjárhag þeirra og verja hagsmuni sína.

# Staðan í dag - stuðningur á vegum ríkisins

## Svanni – lánatryggingasjóður kvenna

Svanni - lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til kvenna með góðar viðskiptahugmyndir. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann um lánavfyrirgreiðslu. Eingöngu verkefni/fyrirtæki sem eru í meirihluta eigu konu/kvenna og undir stjórn konu/kvenna geta sótt um tryggingu og gerð er krafa um að í verkefninu felist nýsköpun/nýnæmi að einhverju marki. Einnig er krafa um að líkur séu verulegar á að verkefnið/fyrirtækið leiði til aukinnar atvinnusköpunar kvenna. Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífinu með veitingu ábyrgða á lánum.

Verkefnið er til fjögurra ára og heimilt er að auglýsa eftir umsóknum um lánatryggingu allt að fjórum sinnum á ári.

## Sprotasjóður – leik-, grunn- og framhaldsskólar

Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalhámskrá, samkvæmt 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. Laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. Nánar má sjá um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans Nr. 242/2009.

## Atvinnumál kvenna

Á hverju ári hefur verið úthlutað í kringum 15-20 milljónum í fjölbreytt verkefni víðsvegar um landið sem oft hafa skipt sköpum fyrir konurnar og hvatt þær áfram í sínum fyrirtækjarekstri. Árið 2008 ákvað ráðherra að stórauka við upphæðina og eru nú 50.milljónir til umráða sem verður veitt til spennandi verkefna víðsvegar um landið. Styrkirnir eru veittir af Félagsmálaráðuneytinu en það er Vinnumálastofnun sem að hefur vistað verkefnið hin síðustu ár.

# Staðan í dag - stuðningur á vegum ríkisins

## Orkusjóður

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkusjóðs. Ráðherra skipar þrjá menn í ráðgjafarnefnd Orkusjóðs til fjögurra ára, [sbr. 8. gr. laga um Orkustofnun](#), sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Sjá nánar [reglugerð um Orkusjóð](#).

## Fyrirvari:

Í þetta yfirliti getur vantað tímabundin verkefni, staðbundin eða mjög sértæk verkefni auk erlendra samvinnuverkefna sem ríkið tekur þátt í s.s. Norræna styrki, Evrópustyrki o.s.frv.

# Skýringarmynd





Tillögur

# Vettvangur með bréf í óskráðum félögum

## Almennt

Vettvangur þar sem hægt væri að eiga viðskipti með bréf í óskráðum félögum gæti liðkað fyrir viðskiptum með bréf í sprotafyrirtækjum sem ekki eru skráð á skipulagðan markað.

Í viðtölu vegna þessarar skýrslu lýstu bæði Samtök iðnaðarins og Nasdaq OMX Ísland lýst yfir áhuga á þáttöku í slíkum vettvangi með einhverjum hætti. Færir það þó eftir nánari útfærslu, kostnaði og reglum.

Setja þyrfti skilyrði fyrir þáttöku í slíkum vettvangi þar sem hið opinbera, endurskoðendur eða aðrir myndu samþykkja fyrirtæki og gengið úr skugga um að þær upplýsingar sem leggja þarf til séu réttar. Þó þyrfti að gera fjárfestum ljóst að engin ábyrgð væri á því að upplýsingarnar væru réttar. Fjárfestar fjárfesti á eigin ábyrgð.

Einnig þyrfti að setja skilyrði fyrir fjárfesta þar sem m.a. væru skilyrði um að hver fjárfestir mætti aðeins fjárfesta ákveðnu hlutfalli eigin fjár viðkomandi á þessum vettvangi. Markmiðið með því væri að draga úr áhættu viðkomandi, án þess þó að fara þyrfti í mikla skoðun á því hvort viðkomandi uppfyllti skilyrðið.

Nasdaq OMX Ísland rekur í dag First North markaðinn. Sambærilegur markaður í Svíþjóð hefur laðað til sýn sprotafyrirtæki í leit að fjármagni. Nýlegar breytingar á reglugerðum hafa gert First North markaðinn meira aðlaðandi. Fram að þessu hefur verið gerð krafa um lýsingu vegna hlutafjárútboða yfir 100.000 evrur en það hámark hefur verið hækkað í 2,5 milljónir evra. Kostnaður við gerð lýsingar er umtalsverður og því hefur First North markaðurinn ekki þótt vænlegur fyrir sprotafyrirtæki í leit að fjármagni.

Sá vettvangur sem hér um ræðir gæti orðið einhverskonar fordyri First North markaðarins eða annarra skipulagðra markaða.

Eðlilegt flæði gæti því verið að fyrirtæki skrái sig á vettvang með bréf í óskráðum félögum, færir þaðan á First North markaðinn og loks á aðallista kauphallar. Skráningu fylgja bæði kostir og gallar en þetta myndi fjölga valmöguleikum sprotafyrirtækja þegar kemur að fjármögnun. Einum eða fleiri stigum gæti auðveldlega verið sleppt.

# Vettvangur með bréf í óskráðum félögum

## Kostir

- Liðkar fyrir viðskiptum með bréf í sprotafyrirtækjum
  - Auðveldar aðgengi sprota að fjármagni
  - Gerir fjárfestum auðveldara að fá upplýsingar um sprotafyrirtæki á fyrri stigum
  - Auðvelda þeim fjárfestum, starfsmönnum eða öðrum hluthöfum sem koma inn á fyrstu stigum að losa sína fjárfestingu
- Gerir verðmyndun sýnilegri
- Undirbúa sprotafyrirtæki fyrir þátttöku á skipulögðum mörkuðum s.s. First North, aðallista kauphallar eða sambærilegum mörkuðum.

## Gallar

- Hætta á misnotkun er þónokkur
- Of miklar reglur og skilyrði geta fælt fjárfesta frá
  - Gæta þarf jafnvægis í því að setja reglur til að koma í veg fyrir misnotkun og þess að auðvelt og einfalt sé að taka þátt í vettvangnum
- Væntingar til ávoxtunar og virkni viðskipta gætu verið meiri en efni standa til
- Eftirlit og umsjón getur verið kostnaðarsamt
- Ábyrgð getur verið óljós
- Misnotkun og vonbrigði geta leitt til neikvæðrar umfjöllunar um vettvanginn og þá sem að honum standa

## Hvað þarf að gera?

- Leggja verkefninu til stofnfé.
- Setja reglur um þátttöku á vettvanginum bæði á fjárfestahlið og sprotahlið.
- Samþykka fyrirtæki til þátttöku eða útvista því verkefni til endurskoðenda, lögmannna eða annarra fagaðila.
- Opna samtal við Samtök iðnaðarins og/eða aðra um umsjón vettvangsins.

# Hópfjármögnun með stuðningi ríkisins

## Almennt

Hópfjármögnun á nýsköpunarverkefnum og/eða sprotafyrirtækjum með þátttöku ríkisins hefur verið stunduð á hinum Norðurlöndunum. Leiðin hefur stundum verið kölluð „Danska leiðin“ því danska ríkið reið á vaðið og setti fjármagn í sjóð sem hafði það hlutverk að leggja fé á móti almenningi í hópfjármögnun sprotafyrirtækja.

Að baki lágu hagfræðileg rök þess efnis að stuðningur ríkisins við verkefni af þessu tagi sem eru fjármögnuð að stórum hluta með öðrum hætti, rennur aftur í ríkissjóð sem skattar af launum þeirra sem að verkefninu vinna, í gegnum virðisaukaskatt o.fl. ([sjá m.a. skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hagræn áhrif kvikmyndagerðar á Íslandi](#))

Það hefur komið á daginn að stuðningur hins opinbera við sprotafyrirtæki, t.d. í gegnum Tækniþróunarsjóð skilað tekjum í ríkissjóð umfram þær styrkupphæðir sem lagðar hafa verið út. (**Heimild: Samtök iðnaðarins**)

Hópfjármögnun hefur ýmsa kosti. Fyrir utan að vera viðbót í fjármögnunarflóruna þá getur hópfjármögnun gefið frumkvöðlum staðfestingu á því að markaður sé til staðar fyrir viðkomandi vöru/þjónustu. Því til viðbótar getur hópfjármögnunin vakið athygli og áhuga annarra fjármögnunaraðila s.s. fjárfestingasjóða, viðskiptaengla o.s.frv.

# Hópfjármögnun með stuðningi ríkisins

## Útfærsla

Hægt væri að formgera þáttöku ríkisins með tvennum hætti:

- Annars vegar með samstarfi við hópfjármögnumunarvettvang (sbr. Karolina Fund) þar sem skattafrádráttur vegna fjárfestingar í sprotafyrirtækjum væri hluti af viðskiptamódelinu. Skattaafslátturinn væri þá kynntur fjárfestum (almenningi) á vegum vettvangsins þannig að fjárfestar gerðu sér grein fyrir þeim ávinningi sem hann hefur í för með sér. Breski hópfjármögnumunarvettvangu „Crowdcube“ hefur gert þetta afar vel en þar er séð um alla formvinnu fyrir fjárfesta (almenning) í tengslum við skattafrádrátt breskra yfirvalda. (Sjá: <https://www.crowdcube.com/>) Hér gæti einnig þurft að rýmka nýsamþykkt lög nr. 79/2016 m.t.t. skattafrádráttar.
- Hins vegar gæti ríkið í gegnum NSA (sjá tillögu um að NSA verði sjóða-sjóður) úthlutað fjármagni í gegnum hópfjármögnumunarvettvang til verkefna sem ná tilteknum markmiðum og uppfylla ákveðin skilyrði. Fyrirkomulagið hefur stundum verið nefnt „króna á móti krónu“ (e. match-funding) þ.e. fyrir hverja krónu sem almenningur leggur til verkefnisins leggur hið opinbera eina krónu á móti.

Í báðum tillögum er gert ráð fyrir samstarfi við hópfjármögnumunarvettvang og að hann sé til staðar. Annað hvort þyrti að semja við þá aðila sem þegar eru á markaðnum s.s. Karolina Fund eða að kanna áhuga annarra á að reka slíkan vettvang, mögulega með stofnfram lagi frá ríkinu og/eða annarra hagsmunaaðila.

# Hópfjármögnun með stuðningi ríkisins

## Kostir

- Markaðurinn fengi að ráða meiru um hvaða verkefni fái opinbert fé
- Fyrirkomulagið hvetur til þátttöku almennings til móts við stuðning ríkisins
- Stuðningur ríkisins verður sýnilegri
- Ferlið er óháð umsóknarfrestum og getur því verið dreifðara í tíma en hefðbundnir styrkir
- Vekur athygli og mögulega áhuga annarra fjárfesta s.s. fjárfestingasjóða, viðskiptaengla o.fl.

## Gallar

- Fyrirkomulagið hentar ekki fyrir ákveðnar tegundir hugmynda s.s.:
  - Vörur sem ekki eru ætlaðar almenningi heldur fyrirtækjum og stofnunum (e. business-to-business)
  - Hugmyndir sem eru tæknilega flóknar eða óskiljanlegar almenningi
- Hætta er á misnotkun og því þarf að setja vel ígrundaðar reglur um þátttöku
  - Gæta þarf að því að reglurnar séu ekki þao íþyngjandi að þær letji sprotafyrirtæki til að nýta sér fyrirkomulagið

## Hvað þarf að gera?

- Úthluta fjármagni í verkefnið
- Semja við umsjónaraðila (Karolina Fund eða samb.)
- Setja reglur/skilyrði um þátttöku ríkisins í fjármögnun verkefna
- Mögulega breyta lögum nr. 79/2016
- Kynna verkefnið (sjá tillögu um kynningarátak)

# Kynningarátak - fjárfest í sprotafyrirtækjum

## Almennt

- Áhugi almennings á sprotafyrirtækjum hefur verið mikill á undanförnum árum. Umfjöllun um sprotafyrirtæki hefur verið þónokkur í flestum miðlum, t.a.m. hafa verið sýndir sjónvarpsþættir tileinkaðir sprotafyrirtækjum og reglulega birtast fréttir af sprotum í dagblöðum og netmiðlum.
- Fjárfestingar í sprotafyrirtækjum hafa aftur á móti verið fjarlægar almenningi. Lítið framboð er af fjárfestingakostum í gegnum sjóði eða aðra þjónustukosti fjármálastofnana þar sem fjárfest er í sprotafyrirtækjum.
- Í þessari skýrslu eru tillögur sem m.a. miða að því að fjölga valkostum almennings í tengslum við fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.
- Þá kosti sem þegar eru í boði og þá sem bætast munu við á næstunni verður að kynna fyrir almenningi. Einnig er þörf á að kynna nýlegar breytingar á lögum s.s. um skattaafslátt til einstaklinga sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum.
- Erlendis hefur verið farið í kynningarátök þar sem farið er yfir kosti og galla við það að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Til dæmis má nefna átak í Bretlandi þar sem skattafrádráttur og hópfjármögnunarverkefni voru kynnt:
  - Myndband um skattafrádrátt í Bretlandi: <https://vimeo.com/50694019>
  - Myndband um „Crowdcube“ hópfjármögnunarverkefnið: <https://www.crowdcube.com/how-crowdcube-works>

# Kynningarátak - fjárfest í sprotafyrirtækjum

## Kostir

- Eykur þekkingu almennings á fjárfestingum í sprotafyrirtækjum
- Dregur úr óupplýstum ákvörðunum um fjárfestingar
- Mun að öllum líkindum auka áhuga almennings á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum
- Mun að öllum líkindum auka umræðu um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum

## Gallar

- Ef ekki er rétt að átakinu staðið getur það misst marks
- Kostnaður getur verið umtalsverður

## Hvað þarf að gera?

- Afmarka fé til verkefnisins
- Ráða fagaðila til að halda utan um kynningarátakið
- Kalla til samstarfsaðila

## Mögulegir samstarfsaðilar

- Norðurskautið – [www.northstack.is](http://www.northstack.is)
- Ungir fjárfestar
- Samtök sparifjáreigenda
- Lífeyrissjóðir
- Fagfjárfestar
- Icelandic Startups
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- KPMG

# Hið íslenzka englafjárfestafélag

## Almennt

Svokallaðir englafjárfestar gegna mikilvægu hlutverki í hverju sprotasamfélagi. Englafjárfestar eru einstaklingar sem hafa nokkuð af eigin fé til ráðstöfunar, yfirleitt frá nokkur hundruð þúsund til tuga milljóna króna. Þeir koma einnig með ákveðna þekkingu að borðinu og geta þannig aðstoðað fyrirtækin sem þeir fjárfesta í á fjölbreyttari hátt en að svara fjármagnsþörf.

Sú þekking sem englafjárfestar koma með inn í sprotafyrirtæki getur t.a.m. falist í sölu- og markaðsmálum en skortur á slíkri þekkingu hefur staðið mörgum sprotafyrirtækjum fyrir þrifum.

Áhugi hefur myndast fyrir því að stofna samtök englafjárfesta á Íslandi. Fullrúi FIBAN (Finnish Business Angel Network) kom til Íslands á Slush Play ráðstefnuna þar sem hann lýsti yfir áhuga á samstarfi og þátttöku í stofnun félags englafjárfesta á Íslandi. Íslenskir englafjárfestar gætu þannig fengið aðgang að félagi englafjárfesta á Norðurlöndunum (Nordic BAN) og erlendir á móti öðlast aðgang að fjárfestingakostum hér á landi.

Ríkið getur valið að fjárfesta með englafjárfestunum „krónu á móti krónu“ þannig að ef hópur fjárfesta hefur ákveðið að fjárfesta tiltekinni upphæð í sprotafyrirtæki þá komi ríkið með jafnhátt framlag á móti. Þetta gæti verið gert í gegnum NSA, verði núverandi fyrirkomulagi á þeim sjóði breytt skv. tillöggunni um að NSA verði sjóða-sjóður.

Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft í London undir heitinu „[London Co-Investment Fund](#)“ þar sem embætti borgarstjóra Londonborgar hefur lagt verkefninu til fé. Fjárfestar hafa verið valdir út frá þekkingu þeirra, fókus og árangri á fjárfestingum m.a. í stafrænni tækni, vísindum og annarri tækni.

# Hið íslenzka englafjárfestafélag

## Kostir

- Fleiri minni fjárfestingar á því stigi sem þörf fyrir fjármagn er hvað mest
- Fjárfestingunum fylgir yfirleitt þekking, tengslanet o.fl. sem engillinn hefur
- Myndar samkeppni við fjárfestingasjóði
- Fjölgar valmöguleikum frumkvöðla á fjármögnun
- Eykur erlendar tengingar og hvetur til erlendrar þátttöku

## Gallar

- Getur verið ómarkvisst
- Fjöldi englafjárfesta í dag takmarkaður
- Ekki öruggt að englafjárfestar vilji taka þátt

## Hvað þarf að gera?

- Leggja verkefninu til stofnfé
- Auglýsa eftir / hafa samband við áhugasama englafjárfesta
- Leita til englafjárfestis sem getur leitt félagið
- Mögulega útvega skrifstofuhúsnæði

# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA)

## Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði sjóða-sjóður

Hugmyndir hafa verið uppi um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hætti beinum fjárfestingum í sprotafyrirtækjum og leggi þess í stað fjárfestingasjóðum eða öðrum fagfjárfestum til fjármagn. Viðkomandi aðilar fjárfesta svo beint í sprotafyrirtækjunum.

Þannig gæti NSA orðið „fjárfestingaarmur“ ríkisins í nýsköpun og byggt upp þekkingu á því sviði.

Þetta myndi auka aðhald í fjárfestingum en einnig gæti þetta fjölgað fjármögnunarkostum frumkvöðla með fjölbreyttari þáttöku ríkisins í fjárfestingum.

NSA gæti þannig lagt fjármagn í ýmis verkefni s.s.:

- Hópfjármögnumunarverkefni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum
- Englafjárfestingar á vegum viðurkenndra engla
- Framtakssjóði
- Fjárfestingar með lífeyrissjóðum

# Tækniþróunarsjóður

## Almennt

Tækniþróunarsjóður er tvímælalaust einn öflugasti og mikilvægasti fjármögnunaraðili íslenskra sprotafyrirtækja.

Stjórn sjóðsins hefur nýlega farið í gegnum stefnumótun og gert umtalsverðar breytingar á styrkjaflokkum.

Hér eru ekki lagðar til breytingar á sjóðnum eða starfsemi hans þar sem úttekt á sjóðnum er umfangsmeiri en skýrsla af þessu tagi getur réttlætt. Hinsvegar verður ekki hjá því komist að fjalla stuttlega um sjóðinn og þær athugasemdir sem komið hafa upp við vinnu þessarar skýrslu.

## Athugasemdir frumkvöðla

- Þeir frumkvöðlar sem talað var við eru almennt séð mjög þakklátir fyrir stuðning sem þeir hafa fengið frá Tækniþróunarsjóði.
- Einhverjur sprotar sem ekki eru í „tækniþróun“ finnst beir ekki eiga upp á pallborðið hjá sjóðnum. Forsvarsmenn sjóðsins hafa bent á að þeim sé sniðinn stakkur skv. reglugerðum en þó að gerð verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt sé afar fjölbreytt.
- „Kerfislægt ferli“
- „Eftirlitið slæmt þ.e. mjög kerfisbundið og að því gefnu að styrkþegar „tikki í rétt box“ þá ná þeir í gegn“
- „Fólk fer að hanga/lifa á styrkjum“
- „Hversu mörg verkefni falla á framvindu af hálfu sjóðsins? 5%?“
- „Mjög ólíkir styrkþegar. Allt frá litlum sprotum upp í Mjólkursamsöluna.“
- „Ef það er of auðvelt að fá styrki þá erum við örugglega ekki að nýta fjármagnið á réttan hátt.“
- Tímalengd verkefna hjá Tækniþróunarsjóði – ef fyrirtæki vinnur tveggja ára verkefni á einu ári þá fái það restina af upphæðinni við verklok.“
- „Opna Tækniþróunarsjóð betur – nafnið getur fælt frá.“

Nokkrar athugasemdir komu upp í viðtölu og rafrænni viðhorfskönnun:

- „Umsóknarferlið er mjög gamaldags“
- „Við höfum aldrei þurft að sýna neinum vöruna sjálfa, bara fyllt í box“

# Aðrar hugmyndir

## Boulevard of Broken Dreams

- Ráðuneyti mannafla (Ministry of Manpower) í Singapore hefur flýtimeðferð fyrir erlenda frumkvöðla sem hafa áhuga á að stofna hraðvaxtafyrirtæki í landinu.
- Skattaflæði (e.tax flow-through): Að aðilar undanþegnir skattskyldu eins og lífeyrissjóðir o.fl. geti fjárfest án þess að greiða skatt af hagnaðinum

## Úr vefkönnun

- „Örfjárfestingasjóður sem fjárfestir í verkefnum sem t.d. þurfa að útvega sér búnað eða annað slíkt (gæti gagnast konum).“

## Frá Ísrael

- Örfjárfestingasjóður þar sem fjárfest er í tæknifyrirtækjum fyrir lægri upphæðir. Sjá meðal annars skýrslu frá OCS (Office of Chief Scientist).
- Yozma og BIRD sjóðafyrirkomulag þar sem m.a. er horft til samstarfs við bandarísk fyrirtæki varðandi rannsóknir og þróun.



Viðaukar

# Breytingar í skattaumhverfi sprotafyrirtækja

## Lög nr. 79/2016

### Skattlagning kaupréttar (1. gr.)

- Breyting verður á skattalegri meðferð tekna vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem hann hefur öðlast í starfi sínu fyrir annan aðila. Í stað þess að skattleggja hagnað rétthafans þegar kaupréttur er nýttur verður hann skattlagður við sölu hlutabréfanna.
- Gildistaka: Ákvæðið tók þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2017 vegna tekjuársins 2016.

### Skattlagning hagnaðar af breytanlegum skuldabréfum (2. gr.)

- Skattaleg meðferð hagnaðar einstaklinga utan atvinnurekstrar vegna breytanlegra skuldabréfa sem breytt er í hlutafé í hlutafélagi eða einkahlutafélagi á lægra verði en markaðsvirði þeirra var breytt. Við sölu hlutafjárins telst hagnaðurinn til skattskyldra fjármagnstekna, en áður var miðað við nýtingu breytiréttarins.
- Gildistaka: Ákvæðið tók þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2017 vegna tekjuársins 2016.

### Skattaívilnun vegna erlendra sérfræðinga (3. gr.)

- Erlendir sérfræðingar sem ráðnir eru til sérfræðistarfa hjá lögaðila hér á landi verða aðeins skattskyldir af 75% tekna sinna fyrstu þrjú árin í starfi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Því verða 25% tekna þeirra skattfrjáls og undanþegin staðgreiðslu þann tíma. Vinnuveitandi og / eða starfsmaður þarf að sækja um skattaívilnunina til sérstakrar nefndar. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmdina, m.a. um form og skilyrði umsókna.
- Gildistaka: Ákvæðið tekur gildi 1. janúar 2017 og kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2018 og staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2017.

# Breytingar í skattaumhverfi sprotafyrirtækja

## Lög nr. 79/2016 frh.

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga (4. gr.)

- Einstaklingar sem fjárfesta í hlutafélagi eða einkahlutafélagi munu njóta skattaafsláttar vegna fjárfestinga sinna árin 2016, 2017 og 2018. Skattaafslátturinn getur numið allt að helmingi af tekjuskattsstofni einstaklings, að viðbættum fjármagntekjuskattsstofni, eftir að tekið hefur verið tillit til vaxta – og leigutekna.
- Til að einstaklingur njóti skattaafsláttar vegna fjárfestinga þurfa ýmis skilyrði að vera uppfyllt, hjá bæði einstaklingnum og féluginu sem fjárfest er í.
- Einstaklingur:
  - Fjárfesting á almanaksári sé að lágmarki 300 þús. kr. í félagi og heildarfjárfestingar að hámarki 10 millj. kr.
  - Fjárfesting þarf að vera vegna hlutafjáraukningar í félagi, og skal vera sannanlega greidd.
  - Einstaklingur má hvorki vera tengdur féluginu eða samstæðum þess tveimur árum fyrir skráða hlutafjáraukningu eða þremur árum eftir hana. Hvorki í gegnum fjárhagslega hagsmuni, á grundvelli eignar eða atkvæðaréttar. Einstaklingur hvorki vera í stjórn félagsins né starfsmaður þess né félags sem á beint eða óbeint í féluginu. Það teljast einnig tengsl ef einstaklingur hefur sifjaréttarleg tengsl við félagið.

# Breytingar í skattaumhverfi sprotafyrirtækja

Lög nr. 79/2016 frh.

— Félagið:

- skal vera íslenskt, stofnsett innan annars EES-ríkis, EFTA ríkis, í Færeyjum eða með fasta starfsstöð á Íslandi.
  - skal hafa að hámarki 25 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 650 millj. kr., hafi ekki verið starfandi lengur en sjö ár í viðskiptalegum tilgangi þegar hlutaféð er aukið og sé rekið í hagnaðarskyni.
  - hafi lokið greiðslu á lágmarkshlutafé, sé ekki skráð á markað, eigi ekki í fjárhagsvanda og íslenska ríkið eigi ekki endurgreiðslukröfu á það vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar.
  - hafi sent ríkisskattstjóra ársreikning vegna næstliðins árs,
  - skal sýna fram á að hið nýja hlutafé fari til viðskiptastarfseminnar en sé eiginleg starfsemi ekki hafin skal verja 30% hlutafjáraukningaránnar í rannsóknar- og þróunarstarf innan tveggja ára frá henni.
  - þarf að skila lista yfir fjárfestingu einstaklinga í félagini til ríkisskattstjóra og aukningin skal skráð í hlutafélagaskrá.
  - getur að hámarki fengið 2 milljarða hlutafjáraukningu að því gefnu að félagið hafi fengið staðfestingu ríkisskattstjóra á að það uppfylli þau skilyrði sem hér eru talin, en slíkar staðfestingar skulu birtar á vef embættisins.
- Skattaafslátturinn nær ekki til fjárfestinga í tilteknum atvinnugreinum s.s. í útleigu fasteigna eða lausafjár, eignarhalds- og fjárfestingarfélögum og eftirlitsskyldum aðilum. Skattaafslátturinn nær heldur ekki til kvíkmyndaframleiðslu, mannvirkjagerðar, námuvinnslu, hótel- gisti- og veitingaþjónustu sem og almennrar inn- og útflutningsstarfsemi á vörum sem þróaðar eru af öðrum, né til útseldrar þjónustu og ráðgjafar sérfræðinga.

# Breytingar í skattaumhverfi sprotafyrirtækja

## Lög nr. 79/2016 frh.

- Bakfærsla frádráttar: Einstaklingur þarf að eiga hlutafé sem liggur til grundvallar frádrættinum í 3 ár hið minnsta, ella verður frádrátturinn bakfærður, og 15% álag lagt ofan á fjárhæðina. Einnig er heimilt að bakfæra frádrættin ef upp koma tilvik sem eru ekki á valdi einstaklingsins að hafa áhrif á, s.s. ef félagið eða starfsemi bess uppfyllir ekki lengur skilyrði til frádráttar.
- Ráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmdina, m.a. um þær kröfur sem félög skulu uppfylla samkvæmt ákvæðinu.
- Gildistaka: Ákvæðið tók þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2017 vegna fjárfestinga á tekjuárinu 2016.

Hækkun á hámarki rannsóknar- og þróunarkostnaðar til viðmiðunar á skattafrádrætti (7. gr.)

- Fjárhæð rannsóknar- og þróunarkostnaðar til viðmiðunar á skattafrádrætti nýsköpunarfyrirtækja hækkaði úr 100 í 300 milljónir króna á rekstrarári, þegar ekki er um að ræða samstarfsverkefni né aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna í verkefninu.
- Sé um að ræða aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu hækkar viðmiðunarfjárhæð rannsóknar- og þróunarkostnaðar úr 150 í 450 milljónir króna.
- Ef um samstarfsverkefni tveggja eða fleiri er að ræða skal hámark fyrir allt verkefnið nema 450 milljónum króna í stað 300 milljóna áður. Skipta skal frádrættinum hlutfallslega á milli fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu.
- Gildistaka: Ákvæðið tók þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2017 vegna fjárfestinga á tekjuárinu 2016.

# Breytingar í skattaumhverfi sprotafyrirtækja

## Lög nr. 79/2016 frh.

Veltumiðmið við skilgreiningu lítilla fyrirtækja hækkað (6. gr. og 8. gr.)

- Veltuviðmið við skilgreiningu lítilla fyrirtækja hækkar úr 2 milljónum evra í 10 milljónir evra.
- Samhliða þeirri breytingu er gerð breyting á tilvísun í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og lögum um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi og nú vísað í nýja í Evrópureglugerð.
- Gildistaka: Ákvæðið tók þegar gildi og kom strax til framkvæmda.

*Heimild: KPMG, Alexander Eðvardsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs KPMG*

# First North markaðurinn

## Breyting á reglugerð

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt breytingu á reglugerð sem auðveldar smærri fyrirtækjum öflun fjármagns til vaxtar og skráningu á markað. Fram til þessa hafa útboð komið í veg fyrir að fyrirtæki hafi ráðist í lítil almenn útboð.

Breytingar á reglugerðinni hafa eftirfarandi í för með sér:

- Ekki verður gerð krafa um lýsingu vegna hlutafjárútboða undir 2,5 milljónum evra. Þannig er slakað á kröfum frá því sem áður var um lýsingu vegna útboða yfir 100.000 evrur.
- Áfram verður gerð krafa um lýsingu vegna almennra útboða að verðmæti jafnvirðis 2,5 til 5 milljóna evra en minni kröfur eru gerðar til innihalds og forms þeirra lýsinga heldur en lýsinga vegna almennra útboða yfir 5 milljónum evra. Fjárhæðarmörkin miðast við samanlagt markaðsverðmæti útboðs eða útboða af sömu tegund yfir 12 mánaða tímabil.

Þær breytingar sem stjórnvöld hafa staðið fyrir undanfarið ár gjörbreyta stöðu smærri fyrirtækja til að nýta sér þennan kost, en á síðasta ári var lífeyrissjóðum veitt heimild til að fjárfesta á markaðstorgum eins og Nasdaq First North. Nú hafa því lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi sambærileg tækifæri til að útvega sér fjármagn með aðstoð markaðar eins og í nágrannalöndum okkar.

*Heimild: Páll Harðarson forstjóri Nasdaq OMX Ísland, 1. september 2016*



[kpmg.com/socialmedia](http://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](http://kpmg.com/app)

© 2016 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.